

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Þorlákshöfn, íbúðabyggð við Hafnarberg.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Ölfushrepps þann 28. janúar 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð við Hafnarberg, Þorlákshöfn, dagsett 4. janúar 1999.

Deiliskipulagið er fyrir fjórar einbýlishúsalóðir, eina parhúsalóð og eina raðhúsalóð við Hafnarberg, nr. 12 til 28, norðan við Leikskólann Bergheima í Þorlákshöfn.

Skipulagsskilmálar fyrir íbúðabyggð í Þorlákshöfn gilda fyrir þetta svæði og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 20. apríl 1999.*

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Ölfushrepps,

**Sigurður Jónsson.**

8. apríl 1999

Nr. 244

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorporkustöð Skafthrepps, Kirkjubæjarklaustri.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorporkustöð Skafthrepps, Kirkjubæjarklaustri, kt. 480690-2069. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. mars 2003.

*Reykjavík, 8. apríl 1999.*

*Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,*

**Hermann Sveinbjörnsson** forstjóri.

*Ólafur Pétursson.*

7. apríl 1999

Nr. 245

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. gr. c. bætist við ný grein, 1. gr. d., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/98 frá 31. júlí 1998 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), bókun 1 (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

- reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 447/98 frá 1. mars 1998 um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á bókun 21 með EES-samningnum, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

Um leið og EB-gerðinni verður beitt hér á landi, eftir birtingu reglugerðar þessarar í B-deild Stjórnartíðinda og gerðarinnar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, fellur úr gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3384/94 sem talin er upp í 1. mgr. 3. gr. bókunar 21, sbr. 24. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 447/98.

*Viðskiptaráðuneytinu, 7. apríl 1999.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu nr. 504/1998.**

## 1. gr.

Við reglugerðina bætist:

**VI. VIÐAUKI**  
**Hrossakjöt.**

GÆÐAEFTIRLIT - YFIRLIT:

<b>Verkþáttur</b>	<b>Ábyrgur aðili</b>	<b>Tilvísunarnr.</b>
<i>Hross dæmd hæf:</i>		
Viðurkenning eftirlitsaðila	Eftirlitsaðili	1.1
Staðfesting	Móttökustjóri	1.2
<i>Hross framleiðanda/auðkenning skrokka:</i>		
Hópur við komu	Móttökustjóri	2.1
Hópur sem bíður slátrunar	Móttökustjóri	2.1
Slátrunarferli	Móttökustjóri	3.1, 3.2
Hópur eftir slátrun	Kjötmatismaður	3.3
Frágangur eftir slátrun	Verkstjóri í kæli	3.4
Talning skrokka	Umsjónarmaður	4.1
<i>Auðkenning afurða framleiðanda:</i>		
Hlutunaráætlun	Framleiðslustjóri	4.2
Afurðaskráning	Verkstjóri	4.3